

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Við undirrituð erum íbúar og/eða eigendur fasteigna og lands í Mýrdalshreppi, og höfum margvíslegra hagsmuna að gæta gagnvart þeirri stefnumörkun sem kemur fram í drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 sem nú er til kynningar. Við störfum í Samtökum íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal, sem eru grasrótahreyfing þeirra sem vilja ábyrgar skipulags- og samgöngubætur um héraðið í sátt við umhverfi, lífríki og samfélag.

Við höfum margháttaðar athugasemdir við þá aðalskipulagstillögu sem nú liggur fyrir.

Inngangur

Hinn 21. nóvember árið 2001 var haldinn fundur oddvita Mýrdalshrepps, sveitarstjóra og formanns skipulags- og byggingarnefndar ásamt skipulagsfulltrúa með skipulagsráðgjafa, sem markaði upphaf að gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið. Í dag, nákvæmlega 10 árum síðar, er enn ekki komin farsæl lausn í skipulagsmálum Mýrdalshrepps. Á þessu 10 ára tímabili var sveitarfélagið í 5 ár án staðfests skipulags.

Á árinu 2004 var tilbúin tillaga að nýju skipulagi. Þar var ekki gert ráð fyrir umbyltingu í vegamálum, en tekið frá land í Víkurfjöru fyrir hugsanlega færslu vegarins í framtíðinni. Við þetta gerði Skipulagsstofnun athugasemd og vildi frekari skýringar. Illu heilli var þá sú ákvörðun tekin að hringvegurinn yrði færður að bökkum Dyrhólaóss og lagður í göngum undir Reynisfjall og meðfram Víkurfjöru. Þar með var efnt til mikilla deilna í sveitarfélaginu sem ekki sér fyrir endann á, en nú er mál að linni. Ljóst er að þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð af hálfu meirihluta sveitarstjórnar hafa leitt til ófarnaðar, en því miður er ekki að sjá að nein breyting hafi orðið til batnaðar í þeim efnum frá því nýr meirihluti tók við völdum.

Um forsendur og markmið aðalskipulagstillögunnar

Ef tekið er mið af núgildandi aðalskipulagi horfir til bóta að fram skuli komin sú stefnumörkun aðalskipulagsgerðar sem lýst er í skjalinu *Leiðarljós og áherslur* (dags. 27. júní 2011). Þá eru fyrirbyggjandi drög að umhverfismati skipulagstillögunnar (*Umhverfisskýrsla – Drög*, dags. október 2011) nokkru ítarlegri og gleggri en sambærileg skýrsla um áhrif nýrrar veglínu sem gerð var fyrir nokkrum árum í tengslum við gerð núgildandi aðalskipulags.

Vísað er til leiðarljósa og markmiða aðalskipulagsgerðarinnar, sbr. áður nefnt skjal dags. 27. júní 2011. Þar er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi:

- Að efla sveitarfélagið með því að styrkja og efla núverandi byggð og atvinnu, og með því að nýta og vernda auðlindir svæðisins;

- að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda fyrir íbúa og komandi kynslóðir og að mannvirkjagerð taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og tækifærum sem felast í sérstöðu svæðisins;
- að ekki verði gengið á landbúnaðarland og að strandlengjan verði vernduð m.t.t. útivistar, ásýndar og lífríkis – og –
- að auðlindanýting og framkvæmdir séu innan þolmarka náttúrunnar til lengri tíma.

Þótt hér sé um góð og gild markmið að ræða sem tekið er undir, þá stangast helsta nýmæli og áherslumál aðalskipulagstillögunnar – þ.e. breytt legu þjóðveggar 1 í gegnum sveitarfélagið – harkalega á við öll þessi leiðarljós og markmið.

Um gerð aðalskipulagstillögunnar og aðkomu hagsmunaaðila

Sú aðalskipulagstillaga sem fyrir liggur, áhersla sem hún kynnir varðandi legu þjóðveggar 1, og umhverfisskýrsla þar að lútandi, hafa verið unnar án nokkurs samráðs við undirrituð. Það stangast á við anda skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um að haft skuli virkt samráð við íbúa og hagsmunaaðila meðan á gerð aðalskipulags stendur. Sveitarstjórn, stýrihópi skipulagsvinnunnar, skipulagsráðgjöfum og matsteyminu mátti öllum vera ljóst að umrædd breyting á legu þjóðveggar 1 væri mjög umdeild, að hún mundi hafa mikil áhrif á umhverfi, eignir, lífsviðurværi og samfélag þeirra sem búa eða eru langdvölum í Mýrdal, þ.e. íbúa og húseigenda í Vík, bænda og sumarhúsaeigenda í sveitinni, margra ferðapjónustuaðila, auk tugþúsunda ferðamanna sem heimsækja svæðið til náttúruskoðunar.

Við gerð umhverfisskýrslu skorti nauðsynlega breidd í aðkomu heimamanna og var ekki gerð tilraun til að leita eftir þekkingu og sjónarmiðum frá hagsmunaaðilum og íbúum á mismunandi áhrifasvæðum nýrrar veglínu, sem eðlilegra hefði verið með hliðsjón af almennum kröfum um lýðræðisleg vinnubrögð og í ljósi langvarandi deilna um þessi mál. Í matsteymi umhverfismats voru handvaldir þrír heimamenn í þeim yfirlýsta tilgangi að ljá matsteyminu staðþekkingu. Allir eru þeir hinsvegar þekktir baráttumenn fyrir umræddri breytingu á veglínu og búa allir í Víkurþorpi.

Þessi samsetning matsteymisins rýrir mjög trúverðuleika umhverfisskýrslunnar.

Tillaga að breyttri legu þjóðveggar 1 – veglínan og umhverfisáhrif hennar

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir mjög róttækri breytingu á legu þjóðveggar 1 um sveitarfélagið. Markmiðin með færslu vegarins, sem rakin eru í inngangi draga að umhverfisskýrslu, eru í senn fábreytt og einhliða og varða einkum öryggi og styttingu. Í drögunum er hvorki lagt mat á umhverfiskostnað né hvernig sambærilegu öryggi megi ná með öðrum valkostum án teljandi umhverfisfórna.

Veglínan eykur til muna land sem ætlað er undir samgöngumannvirki á svæðinu, sem nemur nærri 60 hekturum, þrátt fyrir að Mýrdalur sé mjög landþröngur og skammt sé milli fjalls og fjöru. Veglínan skerðir sömuleiðis verulega landbúnaðarland frá og með Hryggjalandi, eftir endilöngu

Dyrhólahverfi og þvert í gegnum Reynishverfi. Veglínan sker því í sundur forn byggðahverfi sveitarinnar og liggur á mörkum og/eða innan svæðis á náttúruminjasrá þar sem eru leirur, mýrar og annað votlendi við Dyrhólaós sem nýtur verndar samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Veglínan spillir þessu landsvæði sem varðveita ber sem eina heild sbr. umsagnir frá Umhverfisstofnun og fleiri aðilum sem áður hafa borist um svipaða tillögu.

Í viðtali við Elínu Einarsdóttur oddvita Mýrdalshrepps í síðdegisútvarpi Ríkisútvarpsins, Rásar 2, þann 9. nóvember 2011 sagði oddvitinn m.a. eftirfarandi: „það liggur ekkert fyrir algjörlega nákvæmlega hvar þessi veglína verður og það liggur ekkert fyrir en að það verði ákveðið að það verði ráðist í þessa framkvæmd, þá er kannski fyrst farið að skoða hvar er hentugast að fara”.

Ef sveitarstjórnin heldur fast við að leggja fram á skipulagsuppdrætti veglínu með óvissri legu eru sett óásættanleg höft á eignarlönd sem veglínan er dregin um. Slík stjórnvaldsákvörðun, sem jaðrar við valdniðslu, er almenn skerðing á eignarrétti og bein skerðing á eignarréttinum m.t.t. landbúnaðar og annarrar mögulegrar framtíðarnýtingar landsins, t.d. til ferðaþjónustu. Svo stórfeld skerðing á eignarrétti getur hæglega leitt til málaferla þar sem sveitarfélagið væri gert skaðabótaskyld.

Austan Reynisfjalls er gert ráð fyrir að veglínan liggi eftir fjörुकambinum örskammt sunnan íbúðabyggðar, bamaskóla og íþróttasvæðis og nærri líffræðilega og vistfræðilega merkilegum búsvæðum sjófugla, smádyra og gróðurs í austurhlíðum Reynisfjalls. Með þessu yrði Víkurfjöru, ásýnd hennar og aðliggjandi svæða og gildi hennar til náttúruskoðunar og útivistar fyrir heimamenn og ferðamenn stórspillt. Byggðin yrði með þessu slitin úr náttúrulegu samhengi við ströndina. Hljóð- og efnamengun í áður friðsælli byggð syðst og vestast í gamla þorpinu mundi aukast að mun. Sérstaða Víkurfjöru og Víkurþorps sem ferðamannastaðar mun að sama skapi skaðast ómetanlega.

Ennfremur kemur fram í skýrslunni að veghæð í göngum megi ekki vera lægri en 10 m fyrir ofan stórstraumsfjöru. Í ljósi þessara upplýsinga þarf að endurskoða mat á umhverfisáhrifum vegskála og vegar á ásýnd Víkurfjöru og ímynd Víkur, og birta raunsannar myndir af fjörunni og fjörुकambinum frá ýmsum sjónarhornum þar sem þessi mannvirki hafa verið færð inn.

Umhverfisáhrif vegar um Víkurfjöru eru metin frekar léttvæg í skýrslunni: „Jarðgangamunni, vegamannvirki og umferð við fjöruna gætu dregið úr gildi staðarins sem ferðamannastaðar”. - „Gera má ráð fyrir að vegna umferðar muni upplifun ferðamanna af Víkurfjöru verða neikvæð”, - „Af þeim stöðum sem eru eftirsóttastir í hreppnum er líklegt að Víkurfjara verði fyrir mestum neikvæðum áhrifum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar og umferðar sem mun fara um veginn”.

Engum sem til þekkir getur dulist að það er engri óvissu undirorpið að jarðgangamunni, vegamannvirki og umferð við fjöruna mun hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif á Víkurfjöru og nágrenni.

Færsla þjóðvegjar niður undir sjó fyrir opnu Atlanshafi vekur mjög áleitnar spurningar um öryggi vegjarins og vegfarenda, einkum ef til koma flóð af völdum eldgosa, ölduróts í óveðrum og hækkandi sjávarstöðu með hlýnandi loftslagi.

Í skýrslu Siglingastofnunar til Vegagerðarinnar, „VÍK Í MÝRDAL Vegur um Víkurfjöru - Veghæð og sjóvörn“, dagsett í október 2011 segir, (leturbreyting undirritaðra):

*„Suðurströnd Íslands er meðal þeirra strandsvæða í heiminum þar sem öldur eru hæstar. **Ströndin við Vík er eins langt frá því að vera í jafnvægi sem verið getur. Því er töluverð óvissa um það hvort eða hvar ströndin nær jafnvægi, hvort að það náist að stöðva rofið við núverandi sjávarkamb eða við varnarlínuna sem er nokkrum tugum metra innar**“.*

Öllu hugsandi og ábyrgu fólki má vera ljóst hversu fráleitt það er að leggja þjóðveg númer 1 um Víkurfjöru.

Umhverfisskýrslan

Að beiðni Samtaka íbúa- og hagsmunaaðila í Mýrdal tók UMÍS ehf. Environice saman minnisblað, sem er álitserð um umhverfisskýrslu þá sem er hluti af drögum að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028, sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Við undirrituð tökum undir allt það sem í minnisblaðinu stendur og ber að líta svo á að minnisblaðið sé innifalið í athugasemdum okkar og óaðskiljanlegur hluti þeirra.

Við viljum árétta eftirfarandi:

- Við lestur umhverfisskýrslunnar vekur athygli að fyrirhuguð færsla þjóðvegjar niður undir sjó er ekki í samræmi við fjölmargar áætlanir opinberra aðila. Þetta er dregið saman í töflu í 7. kafla umhverfisskýrslunnar.
- Þá kemur einnig fram í texta umhverfisskýrslunnar að færsla þjóðvegjarins er í ósamræmi við leiðarljós og markmið skipulagsvinnunnar með því að vegagerðin „mun koma til með að raska votlendissvæðum og landbúnaðarlandi“, og „Hringvegur á milli Víkurfjöru og þorpsins er líklegur til að skerða aðgengi að fjörunni að hluta og vera verulega áberandi mannvirkí“.
- Niðurstaða skipulagsvinnunnar er að óvissan um áhrif vegagerðarinnar á lífríki Dyrhólaóss sé ekki það mikil að hún takmarki möguleika til að taka ákvörðun um legu vegjar, og er varúðarreglan um að náttúran skuli njóta vafans hvergi nefnd á nafn í skýrslunni.
- Það verður að teljast verulega ámælisvert að varúðarreglunnar um að náttúran skuli njóta vafans skuli hvergi getið í skýrslunni og að hún virðist ekki að neinu leyti lögð til grundvallar rökstuðningi fyrir niðurstöðum matsvinnunnar.

Samantekt

Ljóst má vera að færsla þjóðveggar 1 samkvæmt aðalskipulagstillögunni niður undir sjó og í göngum í gegnum Reynisfjall er óraunhæf. Má benda á eftirfarandi atriði því til stuðnings:

- Ströndin við Vík er eins langt frá því að vera í jafnvægi sem verið getur, sbr. skýrslu Siglingastofnunar frá október 2011.
- Vegagerðin telur umferðaröryggi vegfarenda síður tryggt verði þjóðvegur 1 sunnan byggðarinnar í Vík en ofan hennar.
- Vegagerðin leggst eindregið gegn þessari hugmynd. Þetta kom skýrt fram í umsögn Vegagerðarinnar, dags. 2. júlí 2009 um aðalskipulagstillöguna 2009-2025. Þetta sjónarmið Vegagerðarinnar hefur ekki breyst.
- Vegagerðin metur það svo að jarðgöng í gegnum Reynisfjall komi ekki til álita a.m.k. næstu 25 árin.
- Skv. upplýsingum Vegagerðarinnar hefur áætlaður framkvæmdakostnaður skv. frumdrögum að vegasamgöngum um Vík til framtíðar (útg. í nóvember 2008), hækkað um 30%, sem þýðir að kostnaðurinn við veglínu skv. aðalskipulagstillögunni er vel á 5. milljarð króna. Í 29. grein vegalaga nr. 80/2007 segir: „Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun.“.
- Framkvæmdin er ekki í tillögu að samgönguáætlun 2011-2022.
- Með auglýsingu gildandi aðalskipulags 2009 – 2025 voru sjónarmið Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar, Fuglaverndarfélag Íslands, Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og margra einstaklinga, m.a. íbúa og eigenda fasteigna og lands, virt að vettugi og gengið eins langt gegn sjónarmiðum þessara aðila eins og mögulegt var.

Í ljósi þess að fyrirhuguð færsla þjóðveggar 1 samkvæmt aðalskipulagstillögunni er óraunhæf og mundi auk þess hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif krefjumst við undirrituð þess að þessi þáttur aðalskipulagstillögunnar verði dreginn til baka, að vinna við endurskoðun samgöngu- og umhverfisþátta aðalskipulags verði hafin að nýju og á grundvelli breyttra, betri og lýðræðislegra vinnubragða. Við krefjumst þess sérstaklega að:

1. Efnt verði til samráðs með íbúum og eigendum fasteigna og lands í Reynis- og Dyrhólahverfum og í Víkurporpi.
2. Lögð verði áhersla á að meta aðra kosti varðandi þjóðveg 1 sem eru fyrir hendi, sbr. 6. grein og 9. grein laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
3. Varúðarreglan verði virt við mat á umhverfisáhrifum valkosta.
4. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps geri skýrari grein fyrir þeim markmiðum sem hún setur um öruggan heilsársveg, t.d. með tilvísun í mælingar og tölfræði Vegagerðarinnar varðandi núverandi veg og hönnunarforsendur Vegagerðarinnar vegna endurbóta á núverandi vegi.

Við undirrituð hvetjum sveitarstjórn Mýrdalshrepps til að stuðla með öllum ráðum að nauðsynlegum endurbótum á núverandi vegarstæði í Gatnabrún, svo sem Vegagerðin hefur lagt til. Sá kostur hlífir náttúrunni, bætir öryggi og greiðfærni til muna, er vel ásættanlegur að mati Vegagerðarinnar, er í tillögu að samgönguáætlun 2012-2022 og kostar brot af áætluðum kostnaði við færslu veglínu Þjóðveg 1.

Við bendum á að ekki er þörf á að breyta leiðarljósum og áherslum sem kynnt eru í samnefndu skjali dags. 27. júní 2011, að öðru leyti en því að áherslan á jarðgöng um Reynisfjall er óæskileg og andstæð megin leiðarljósum og áherslum í umhverfis- og atvinnumálum. Breytingar á legu Þjóðveg 1 um Mosaháls og Gatnabrún skv. tillögum Vegagerðarinnar í skýrslu hennar frá nóvember 2008, lína 2, virðast falla prýðilega að því markmiði að „Leggja til nýja legu Hringvegur m.t.t. öryggis, greiðfærni og umhverfisáhrifa”.

21. nóvember 2011

Virðingarfyllst,

Ásmundur Bjarni Sæmundsson
kt. 250559-4889

Erla Bil Bjarnardóttir
kt. 130447-3339

Guðni Einarsson
kt. 090857-4799

Guðný Guðnadóttir
kt. 050841-4729

Gunnar Ágúst Gunnarsson
kt. 280856-2829

Kjartan Jónsson
kt. 201152-3489

Þorsteinn Gunnarsson
kt. 110546-3949

Fylgiskjal:

[Minnisblað frá UMÍS ehf. Environice, dagsett 14.11.2011.](#)

Minnisblað þetta ber að skoða sem hluta af athugasemdum okkar sem skjal þetta undirrita.